



Alþingi

Erindi nr. D 139/1898

komudagur 1. 4. 2011

Nefndasvið Alþingis
Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 31. mars 2011

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á vatnalögum nr. 15/1923, með síðari breytingum, þskj. 949 - 561. mál.

BSRB fagnar þeirri stefnubreytingu sem frumvarp þetta kveður á um frá vatnalögum nr. 20/2006. Í sameiginlegri umsögn BSRB og fjölda annarra samtaka við frumvarp til vatnalaga sem varð að lögum nr. 20/2006 var harðlega mótmælt fyrirhugaðri breytingu um formbreytingu á inntaki eignaréttindum fasteignaeiganda að vatni og rýmri skilgreiningu vatns í skilningi laganna. Með þessu frumvarpi er horfið frá þeim tillögum.

BSRB hefur í fjölda ára barist fyrir rétti allra til aðgangs að vatni. Var meðal annars haldin ráðstefna þess efnis 2005 og sendu eftirtaldir aðilar frá sér sameiginlega yfirlýsinguna "Vatn fyrir alla" sem er fylgiskjal þessarar umsagnar. Samtökin er stóðu að yfirlýsingunni eru:

BSRB, Kennarasamband Íslands, Landvernd, MFÍK, Náttúruverndarsamtök Íslands, SÍB, Þjóðkirkjan, Ungmennafélag Íslands, Unifem á Íslandi, Mannréttindaskrifstofa Íslands, Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, Öryrkjabandalag Íslands, Landssamband eldri borgara, ASÍ.

Í ljósi forsögu málsins fagnar bandalagið því eindregið að ákveðið hafi verið að byggja á grunni vatnalaga frá 1923 í stað þess að samin yrði ný löggjöf.

Fyrir hönd BSRB


Helga Jónsdóttir framkvæmdastjóri

Hvers vegna ráðstefna um

VATN FYRIR ALLA?

Undirrituð samtök vilja með sameiginlegri yfirlýsingu þessari vekja athygli ríkisstjórnar, sveitarstjórna, stofnana, fyrirtækja og almennings á mikilvægi og sérstöðu vatns fyrir land, þjóð og lífríki. Þótt enginn vatnsskortur sé á Íslandi þá er staðan önnur víðast hvar í heiminum. Gnótt vatns gefur því ekki tilefni til skeytingarleysis af okkar hálfu. Þvert á móti ber okkur að færa lagaumgjörð um vatn í þann búning að hún tryggi rétta forgangsörðun varðandi vatnsvernd og nýtingu og geti verið öðrum þjóðum til fyrirmyndar. Hugsa verður til framtíðar og hafa almannahagsmuni og náttúruvernd að leiðarljósi.

Vatn er takmörkuð auðlind og almannagæði sem er undirstaða alls lífs og heilbrigðis. Vatn er frábrugðið öðrum efnum að því leyti að það finnst náttúrulega í föstu, fljótandi og loftkenndu formi og er aldrei kyrrt á einum stað eða einu eignarlandi heldur á stöðugri hringrás um heiminn.

Undirrituð samtök telja að aðgangur að vatni sé grundvallarmannréttindi, eins og kveðið er á um í samþykktum Sameinuðu þjóðanna sem Ísland hefur undirgengist. Sérhver maður á því rétt á aðgengi að hreinu drykkjarvatni og vatni til hreinlætis og heimilishalds.

Líta ber á vatn sem félagsleg, menningarleg og vistfræðileg gæði sem ekki má fara með eins og hverja aðra verslunarvöru.

Nýting vatns skal vera sjálfbær og aðgengi að því tryggt með lögum fyrir núlifandi kynslóð og kynslóðir framtíðarinnar. Það er skylda stjórnvalda að tryggja þegnum sínum þennan rétt án mismununar.

Vatnsveitur verði reknar á félagslegum grunni

Það er hlutverk stjórnvalda að tryggja verndun vatns sem náttúruverðmæta sem og að tryggja hollustu og dreifingu vatns til allra þjóðfélagsþegna með fjárfestingu í mannvirkjum og mengunarvörnum. Vatnsveitur verði því reknar á félagslegum grunni, taki mið af almannahagsmunum og tryggi rétt einstaklinga til nægilegs hreins vatns til drykkjar og hreinlætis á viðráðanlegu verði. Það er jafnframt hlutverk stjórnvalda að tryggja að við nýtingu vatns verði öðrum náttúruverðmætum ekki spillt.

Stjórnvöldum ber að tryggja almenningi aðgengi að öllum upplýsingum er varða verndun og nýtingu vatns og stuðla að aukinni virkni almennings og meðvitund um mikilvægi vatns, náttúru og réttar umgengni við landið.

Vegna mikilvægis vatns fyrir íslenska þjóð og lífríki landsins telja undirrituð samtök nauðsynlegt að fest verði í stjórnarskrá Íslands ákvæði um skyldur og réttindi stjórnvalda og almennings hvað varðar réttindi, verndun og nýtingu vatns. Lög og reglugerðir um nýtingu vatns taki því mið af ákvæðum sem viðurkenna rétt einstaklinga til vatns sem og lögum er varða verndun vatns og náttúru.

Til að tryggja skilvirka verndun og nýtingu vatns ber stjórnvöldum að skipuleggja stjórnsýslu þannig að eðlilegt jafnvægi sé á milli þessara þátta og réttar einstaklinga til aðgengis að vatni.

*Ráðstefna á Grand Hótel Reykjavík
laugardaginn 29. október 2005 kl. 13–17.
Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir. Ekkert þátttökugjald.*



SÍB

Samtök starfsmanna ljúmlöfnutækja

